



Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2022.

Efni: Seinni umsögn Janusar endurhæfingar vegna tillögu til þingsályktunar um stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030.

Janus endurhæfing sinnir þverfaglegri læknisfræðilegri endurhæfingu og hefur starfað í 22 ár að endurhæfingu einstaklinga utan vinnumarkaðar. Flestir einstaklinganna eiga við veruleg geðræn vandamál að stríða. Fjármögnun síðasta árs var gegnum þjónustusamninga við Virk starfsendurhæfingarsjóð og Sjúkratryggingar Íslands. Mikil þekking og reynsla hefur skapast innan starfseminnar sem skilað hefur góðum árangri en yfir 50% einstaklinga sem hafa útskrifast síðastliðin ár hafa farið í atvinnu, virka atvinnuleit eða skóla.

Þann 21. mars síðastliðinn sendum við inn fyrri athugasemdir okkar við umrædda þingsályktun og þökkum fyrir það kærkomna tækifæri. *Því miður hefur farist fyrir að senda til okkar núna betrubætta þingsályktun og biðjum við um að netfangi okkar sé bætt inn í þann lista sem nýttur er þegar kemur að geðheilbrigðismálum og/eða endurhæfingu í framtíðinni.*

Umrædd þingsályktunartillaga er mun betri heldur en sú fyrri sem sýnir fram á vönduð vinnubrögð, skilning og vilja til að gera vel.

Í ljósi reynslu okkar og þeirrar staðreyndar að margir einstaklingar með þung geðræn vandamál fá ekki meðferð, hæfingu og/eða endurhæfingu við hæfi fögnum við sérstaklega að;

2) *„Heildræn geðheilbrigðisþjónusta verði samþætt og byggist á bestu mögulegu gagnreyndu meðferð, hæfingu og endurhæfingu. Þjónustan verði veitt af hæfu starfsfólki á viðeigandi þjónustustigum í árangursríku samstarfi við þjónustuveitendur í velferðarþjónustu.*

d. *Þverfagleg teymisvinna einkenni vinnubrögð heilbrigðisstarfsfólks til að tryggja betra aðgengi, gæði, skilvirkni og samfelli í geðheilbrigðisþjónustu fyrir alla án aðgreiningar.“*



Það sem við teljum að megi athuga nánar er að skilgreina snemmbært úrræði. Aðrar tillögur eru merktar hér að neðan með rauðu.

Í lið 2C

„Samhæfing og samvinna einkenni samskipti mismunandi þjónustustiga heilbrigðisþjónustu og á milli heilbrigðisstofnana.“

Leggjum til að bætt verði við rauðlitaða textanum hér að neðan þar sem ekki má gleyma menntakerfinu og aðilum innan einkageirans sem koma ósjaldan að málefnum einstaklingsins ásamt fleirum.

„Samhæfing og samvinna einkenni samskipti mismunandi þjónustustiga heilbrigðisþjónustu og á milli heilbrigðisstofnana“ og annarra fagaðila sem að málum einstaklingsins koma.

Í lið 4b

- a. *„Rannsóknir og nýsköpun í þverfaglegri geðheilbrigðisþjónustu verði í ríkum mæli hluti af starfi heilbrigðisstofnana og í virku samstarfi við háskólasamfélagið.“*

Bætt verði við rauðlitaða textanum þar sem staðreyndin er að nýsköpun, þróun og umtalsverð vísindavinna innan geðrænnar endurhæfingar á sér líka stað innan einkageirans t.d. innan Janusar endurhæfingar í samvinnu við þekktu vísindamenn við innlenda og erlenda háskóla. Nýsköpun og þróun sem skipt getur sköpun fyrir framtíðarþróun fagsins;

- a. *„Rannsóknir og nýsköpun í þverfaglegri geðheilbrigðisþjónustu verði í ríkum mæli hluti af starfi heilbrigðisstofnana og í virku samstarfi við háskólasamfélagið“ og sjálfstætt starfandi aðila á þessum vettvangi allt eftir þörfum hverju sinni.*

Fyrir hönd starfsfólks, þátttakenda og þeirra tuga ungmenna sem eru á biðlista eftir að komast í hæfingu og enduhæfingu til Janusar endurhæfingar þökkum við góða vinnu. Þessi tillaga til þingsályktunar gefur von um að hópur einstaklinga sem hingað til hefur fallið milli skips og bryggju muni eiga von um viðeigandi hæfingu og endurhæfingu á réttum stað.

Vakni einhverjar spurningar sem við kunnum að hafa svör við og sé þess óskað þá er okkur sönn ánægja að koma á fund nefnarinnar og ræða málið.

Virðingarfyllt, fyrir hönd Janusar endurhæfingar

Kristín Siggeirsdóttir, framkvæmdastjóri